



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**27. OKTÓBER 2016**

# MOZART GRIEG



---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd:

Brottnámið úr kvennabúrinu, forleikur: 4'

Pétur Gautur, svítur 1 og 2: 39'

Fagottkonsert: 18'

Stúlkan frá Arles, svíta: 20'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

FIN 27 OKT 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# MOZART OG GRIEG

---

**Yan Pascal Tortelier**  
hljómsveitarstjóri

---

**Michael Kaulartz**  
einleikari

---

---

## EFNISSKRÁ

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Brottnámið úr kvennabúrinu, forleikur** (1782)

---

Edvard Grieg  
**Pétur Gautur, úr svítum 1 og 2** (1876/1888-93)  
Forleikur (Í brúðkaupsgarðinum)  
Söngur Sólveigar  
Dans Anitru  
Arabískur dans  
Morgunn  
Harmljóð Ingrid  
Í höll Dofrakonungs  
Heimkoma Péturs  
Dauði Ásu

## HLÉ

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Fagottkonsert í B-dúr K. 191** (1774)  
Allegro  
Andante ma adagio  
Rondo: tempo di menuetto

---

Georges Bizet  
**Stúlkan frá Arles, svíta** (1872, 1879)  
Pastorale  
Minuet  
Carillon, allegro moderato  
Minuet, allegro giocoso  
Adagietto  
Farandole

---



# YAN PASCAL TORTELIER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**Y**an Pascal Tortelier er nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabíll starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjölda mörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afkrsturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.

### Tortelier á Íslandi

Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 í verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í *Peacock Tales* eftir Anders Hillborg, og síðan vorið 2015 þar sem fyrsta sinfónía Tsjajkovskijs var á efnisskránni auk þess sem Hákan Hardenberger lék trompetkonsert eftir Henri Tomasi.

Í kvöld stjórnar Tortelier Sinfóníuhljómsveit Íslands í annað sinn sem aðalhljómsveitarstjóri hennar, en hann stjórnaði hljómsveitinni á upphafstónleikum starfsársins í september síðastliðnum.



---

# MICHAEL KAULARTZ

## EINLEIKARI

**M**ichael Kaulartz er fæddur 1989 í litlu þorpi í suðurhluta Vestur-Þýskalands. Hann hóf að læra fagottleik 8 ára gamall og eftir einungis tveggja vikna nám spilaði hann á fagott með hljómsveit. Hann stundaði tónlistarnám í Mannheim, hjá Ulrich Freund, sem er fyrsti fagottleikari í Filharmóníusveitinni þar. Framhaldsnám stundaði hann einnig í Mannheim, hjá Ole Kristian Dahl og útskrifaðist með láði 2008.

13 ára hélt Michael fyrstu einleikstónleika sína og 15 ára tók hann þá ákvörðun að gera fagottleikinn að ævistarfi, innblásinn af tónlistinni sem hann hafði kynnst og áhrifamiklum kennurum sínum.

Brennandi áhugi Michaels á fagottinu og möguleikum hljóðfærisins leiddi til þess að hann fékk ungur tækifæri til að starfa með atvinnuhljómsveitum, svo sem við Óperurnar í Mainz og Kaiserslautern, hljómsveit Bæverska útvarpsins og með Sinfóníuhljómsveitunum í Álaborg, Árósum og Kristiansand. Árið 2013 fékk Michael stöðu 2. fagottleikara Dönsku útvarpshljómsveitarinnar og lærði margt af leiðandi fagottleikurum hljómsveitarinnar, Audun Halvorsen og Sebastian Stevansson.

Síðan 2014 hefur Michael Kaulartz verið fyrsti fagottleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hefur samhliða því leikið með þekktum hljómsveitum í Bretlandi, á Norðurlöndunum og í Mið-Evrópu.

Heyra má fagottleik Michaels á geisladiskum útgefnum af Hännssler-útgáfunni, með Sinfóníuhljómsveitinni í Heidelberg.



# WOLFGANG AMADEUS MOZART

## BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU, FORLEIKUR

Fyrstu tónar forleiksins að óperunni *Brottnáminu úr kvennabúrinu* eftir Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) bera með sér spennu og snerpu, enda umfjöllunarefnið óeitanlega spennandi: spænskur aðalsmaður og þjónn hans freista þess að frelsa unnustu þess fyrrnefnda og þjónustustúlku hennar úr kvennabúri tyrknesks pasha (háttsetts embættismanns).

Óperan var frumflutt í Vínarborg árið 1782 og hélt tónskáldið sjálft um tónsprotann. Talsvert gengur í tónlistinni, strax í forleiknum. Barið er í bassatrommu, sýmbólum slegið saman af miklum mót, hamast á þríhornið og hvellur og áleitinn hljómur pikkolóflautunnar svífur yfir. Á ofanverðri 18. öld þótti einmitt þessi hljóðfærasamsetning bera með sér tyrkneskan andblæ. Helstu kynni Austurríkisbúa af Tyrkjum á þeim tíma höfðu verið gegnum hernaðarbrólt, en meðal janissaranna, hermanna Tyrkjasoldáns voru hópar tónlistarmanna sem léku á hljóðfæri sem hljómuðu í líkingu við þau sem að ofan eru talin. Hlutverk herhljómsveitanna var að hvetja sína menn áfram og óhætt er að segja að kraftur og jafnvel ógn skili sér í hröðum hlutum forleiksins, en dulúð og spennu í þeim hægari.


Mozart fluttist til Vínarborgar árinu áður en óperan *Brottnámið úr kvennabúrinu* fór á fjalirnar þar. Hann hafði nýlega samið óperuna *Idomeneo* við góðan orðstír. Jósef II Austurríkiskeisari pantaði hjá honum óperu sem skyldi vera á þýsku, svokallað Singspiel, þar sem skiptist á söngur og talaður texti. Mozart samdi óperuna með ákvedna söngvara leikhússins Nationalsingspiel í huga, en sumar ariurnar eru sérlega krefjandi, t.d. flúrsöngur sópransins Konstönzu, sem fer upp í hæstu hæðir og bassastrófur Osmíns, ráðsmanns pasha-ins, sem fara alla leið niður á lága D.

Söguvið óperunnar er Tyrkland á 17. öld. Framandleg og exótísk stemingin dró síður en svo úr áhuga fólks á verkinu og hefur verið sviðs- og búningahöfundum mikil áskorun í gegnum tíðina.

Fræg er sagan af því þegar Jósef keisari heyrði *Brottnámið úr kvennabúrinu*. Hann á að hafa sagt við tónskáldið eftir það „æ, þetta eru allt of margar nótur!“ og Mozart á að hafa svarað „þetta eru nákvæmlega jafn margar nótur og nauðsyn krefur“. Ekki eru allir sannfærðir um sannleiksgildi þessarar sögu, en hún er góð!

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var ekki fyrr en árið 2006, þegar 250 ár voru liðin frá fæðingu Mozart, að óperan Brottnámið úr kvennabúrinu var sett upp á Íslandi, hjá Íslensku óperunni í Gamla bíói. Leikstjóri var Jamie Hayes og með aðalhlutverkin fóru Finnur Bjarnason, Angela Gilbert og Bjarni Thor Kristinsson.



# EDVARD GRIEG

## PÉTUR GAUTUR, SVÍTUR 1 OG 2

**P**étur Gautur tekur sér ýmislegt fyrir hendur í samnefndu leikriti Norðmannsins Henriks Ibsen, frá árinu 1867. Hann rænir brúðinni Ingrid úr eigin brúðkaupi, kynnist Sólveigu hinn trygglyndu, ríður á svínsbaki í tröllaheima, gerist þrælasali í Marokkó, tekur að sér spámannshlutverk meðal bedúína, fer um Sahara-eyðimörkina, er tældur og svikinn af Arabastúlkunni Anitru, lítur við á geðveikrahæli, lendir í sjávarháska, byggir sér kofa í norskum fjallasal, missir móður sína Ásu, setur allar eigur sínar á uppboð... og þá eru einungis nokkur atriði leikritsins upp talin. Kokhraustur æringi, Pétur, svona framan af. Það þarf ekki að koma á óvart að persónugalleríð í þessu leikriti sé skrautlegt og sögusviðið síbreytilegt, sumir segja að einungis kvikmyndaformið nái að fanga allt að því súrrealískan tón verksins. Af nógu var að taka hvað hugmyndir snerti, fyrir tónskáldið Edvard Grieg (1843-1907), þegar Ibsen bað hann um að semja tónlist við leikritið, sem var fyrst sett á svið árið 1876. Tónlistin hans er enda sneisafull af litum, myndum og blæbrigðum sem tónleikagestir kunna vel að meta. Svíturarnar tvær sem Grieg samdi síðar upp úr leikhústónlistinni eru meðal vinsælustu hljómsveitarverka á klassískum tónleikum víða um heim.

Grieg hafði þegar getið sér gott orð sem tónskáld. Snemma hafði borið á tónlistarhæfileikum þessa Bergenbúa og hann var sendur til náms í Leipzig, þar sem hann lærði ekki bara píanóleik, heldur kynntist líka fjölbreytilegu tónlistarlífi borgarinnar. Grieg hélt alla tíð tryggð við fæðingarbae sinn Bergen og samdi þar flest sín verk, á friðsælu heimili sínu Troidhaugen, rétt fyrir utan borgina, en var þó jafnframt mikið á faraldsfæti, á tónleikaferðum erlendis. Grieg lét einkar vel að semja sönglög sem líkjast þjóðlögum í töfrandi einfaldleika sínum, gott dæmi um það er Söngur Sólveigar úr Pétri Gaut. Í tónlist hans má víða greina þjóðleg norsk stef og danstakta og hann á það til að líkja eftir tóni norsku Harðangursfiðlunnar. Grieg er sagður hafa hafið þjóðlega norska tónlist til vegs og virðingar, líkt og ýmis önnur evrópsk tónskáld gerðu á sínum heimaslóðum á 19. öld, svo sem Dvorák í Bæheimi og Sibelius í Finnlandi.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Leikritið Pétur Gautur eftir Henrik Ibsen var fyrst sett á svið í heild á Íslandi hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó í mars 1944, í samstarfi við Tónlistarfélagið. Íslenski textinn var þýðing Einaris Benediktssonar frá 1901. Með titilllutverkið fór Lárus Pálsson en leikstjóri var hin norska Gerd Grieg. Um 90 manns komu að þessari leiksýningu, þ.á.m. 18 tónlistarmenn, sem léku undir stjórn Victors Urbancic og segir í Alþýðublaðinu 28. mars 1944 „og er honum fyrir að þakka að þau (tónverkin) fá að njóta sín, því hann hefir útsett mestan hluta tónverkanna og er ekki að efa hvernig sá hluti verksins er af hendi leystur... Forleikari hljómsveitarinnar er Björn Ólafsson.“



# WOLFGANG AMADEUS MOZART

## FAGOTTKONSERT Í B-DÚR K191

Ýmsar vangaveltur hafa spunnist kringum tilurð *Fagottkonserts í B-dúr K191* eftir Wolfgang Amadeus Mozart (1752-1791). Var verkið samið sérstaklega fyrir annan tveggja fagottleikara hljómsveitar vinnuveitanda hans, erkibiskupsins í Salzburg? Var það samið að beiðni aðalsmanns frá München, áhugamanns um fagottleik? Er þessi konsert einn af fimm fagottkonsertum Mozarts en sá eini sem til er á nótum? Þessum spurningum hefur ekki verið svarað og verður kannski aldrei, en svo mikið er víst, þeir eru vandfundnir fagottleikararnir sem ekki hafa kynnst fagottkonserti Mozarts. Ástæðan er sú að í verkinu gefst hljóðfærleikaranum færi á að sýna hvað í honum býr, í því eru styrkleikar hljóðfærisins dregnir fram og helstu kostir þess nýttir, allir fagottleikarar spreyta sig fyrir eða síðar á konsertinum. Þegar efnt er til prufuspils fyrir stöður fagottleikara í sinfóníuhljómsveitum eru þeir iðulega beðnir um að spila brot úr minnst tveimur af þremur köflum í konserti Mozarts.

Og hvað er það svo sem einkennir hljóm fagottsins? Sumir segja að djúpur og hlýr tónninn minni á mannsröddina og þá einkum barítónrödd. Miðkaflinn í konserti Mozarts, *andante ma adagio* er einmitt syngjandi ljóðrænn og tjáningarríkur, minnir nánast á óperuaríu. Stefið í þeim kafla er reyndar áttað úr skissubók sem varðveist hefur frá tónleikaferðum undrabarnsins um Evrópu, en átta ára gamall skrifaði hann það niður meðan hann dvaldi í London ásamt föður sínum. Tíu árum síðar, 1774, þegar hann var 18 ára nýtti hann stefið í fagottkonserti sínum og síðar átti því eftir að bregða fyrir í einni ariunni í óperunni *Brúðkaupi Fígarós*.

Aðrir styrkleikar fagottsins sem Mozart vinnur með heyrast meira í hröðu köflunum, *allegro* og *rondo: tempo di menuetto*, þar sem hljóðfærleikarinn fer í gegnum alls konar áttundastökk, liðugar trillar og flókin og hröð tónamynstur upp og niður skalann. Tæknilegar breytingar á hljóðfærinu voru að þróast um þær mundir sem konsertinn var saminn og ljóst að tónskáldið nýtti sér þær. Ekki má gleyma húmornum – tónninn í fagottinu getur verið dálítið fyndinn – og eftir því sem sögur herma hafði Mozart ágæta kímniáfu og beitir henni, smekklega þó, í verkinu.





# GEORGES BIZET

## STÚLKAN FRÁ ARLES, SVÍTA

**L**'*Arlésienne* eða *Stúlkan frá Arles* er heiti sögu í smásagnasafninu *Sögur úr myllunni minni*, eftir franska rithöfundinn Alphonse Daudet. Bókin kom út 1869, en þremur árum síðar var samið leikrit upp úr sögunni, sem sett var upp í Vaudeville-leikhúsinu í París 1872 með tónlist eftir franska tónskáldið Georges Bizet (1838-1875). Fjöldmörg tónlistaratriði voru í leikritinu, sem naut ekki mikilla vinsælda meðal Parísarbúa og hvarf af fjölonum eftir nokkrar sýningar. En tónlistin hefur orðið lífseigari, því tónskáldið setti saman nokkur tónlistaratriðanna í svítu, sem fljótlega naut mikilla vinsælda. Eftir hans dag gerði vinur hans og samstarfsmaður aðra svítu upp úr fleiri tónlistaratriðum verksins og sú útgáfa sem við heyrum í kvöld er úrval þess besta úr báðum svítum, sem hljómsveitarstjóri kvöldsins, Yan Pascal Tortelier, hefur valið.

Söguviðið er hið fagra Provence-hérað í Suður-Frakklandi, á æskuslóðum höfundarins Daudet, þar sem sólin skín mestan hluta ársins og birtan er ómótstæðileg, eins og kemur fram í mörgum frægustu málverkum Vincents van Gogh, sem hann málaði á þessum slóðum. Örnefnið Camargue og Castelet koma fyrir, sem og auðvitað bærinn Arles. Sögunni vindur fram í sveitinni, ungur piltur er yfir sig ástfanginn af stúlku frá Arles og telur sig jafnvel vera trúlofaðan henni. Hann verður viti sínu fjær þegar honum er tjáð að hún sé ástkona annars manns og hafi verið um tveggja ára skeið. Ættingjar og vinir reyna að koma honum til hjálpar á ýmsa lund en hann endar á að taka eigið líf í örvæntingu sinni.

Tónlistin hefur ekki náð víðlíka útbreiðslu og tónlist óperunnar *Carmen*, sem Bizet samdi þremur árum síðar, en hún er suðræn, grípandi og litrík, fléttuð próvensölskum þjóðlögum og þjóðdönsum. Má nefna þjóðlagið *Marche des Rois*, konungamarsinn, sem er reyndar upphaflega jólalag, helgað vitringunum þremur. Það hljómar m.a. í lokaþættinum, *farandole*, en tvinnuð saman við það hljómar stef í farandole-takti, farandole er hringdans frá Provence. Einn þátturinn ber nafnið *carillon*, í honum er líkt eftir hljómi samnefnds klukknaþspils, með mörgum klingjandi bjöllum, sem finna má í sumum kirkjum í Provence.

*Sigríður Stephensen*

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

27. OKTÓBER 2016

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Hulda Jónsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Rósa Hrunn Guðmundsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Martin Frewer  
Lin Wei  
Mark Reedman

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Christian Diethard  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Pascal La Rosa  
Dóra Björgvinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Daniel Schmitt  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Móeiður Sigurðardóttir  
Sarah Buckley  
Sesselja Halldórsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Júlía Mogensen  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Ólöf Sigurveinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Felicia Greciuc  
Peter Tompkins

## KLARINETT

Grímur Helgason  
Ármann Helgason

## SAXÓFÓN

Sigurður Flosason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Kristian Oma Rønnes

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Jóhann Ingvi Stefánsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*  
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

TCHAIKOVSKY

# Évgení Ónegín

Timaleaus rússnesk ástarsaga



„MAGNADUR ÉVGENÍ ONEGIN SLÆR Í GEGN“

JÓNAS SEN · FRÉTTAHLAÐIÐ

„SIGUR FYRIR ÍSLENSKU ÓPERUNA“

SILJA ADALSTEINSDÓTTIR · TMM

„SÝNING SEM ENGINN ÆTTI AÐ LÁTA  
FRAMHJÁ SÉR FARA“

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR · VÍÐSJÁ

MÍÐASALA Á [WWW.OPERA.IS](http://WWW.OPERA.IS)  
ÖRFÁ SÆTI LAUS · TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!



ÍSLENSKA ÓPERAN



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)